

byggja óhreinkun sjávar af völdum olíu og setja reglur um frekari varnir gegn slíkri óhreinkun sjávarins, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi reglur um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, nr. 184 16. ágúst 1966.

*Samgönguráðuneytið, 20. janúar 1971.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

20. janúar 1971.

Nr. 9.

## REGLUR

### um endurgreiðslu innflutningsgjalds af benzíni.

#### 1. gr.

Innflutningsgjald af benzíni, sem greitt hefur verið samkvæmt lögum nr. 71 30. desember 1963, verður endurgreitt úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

#### 2. gr.

Af benzíni, sem sönnur eru færðar á, að notað hafi verið á dráttarvélar til búreksturs eða vélbáta til fiskveiða, skal endurgreiða innflutningsgjald það, er um ræðir í 1. gr., þó þannig, að ekki verði endurgreitt af meira benzínmagni vegna hverrar einstakrar vélar en hér segir:

20 hestafla vélar og þar yfir .....	1250 lítrar á ári
15—19 hestafla vélar .....	1000 lítrar á ári
14 hestafla vélar og þar undir .....	850 lítrar á ári

Ef fyrir liggur yfirlýsing lögreglustjóra um, að umsækjandi um endurgreiðslu vegna benzíns, notuðu á dráttarvél, hafi ekki átt bifreið eða díseldráttarvél á því ári, sem benzínið var notað, er heimilt að endurgreiða af allt að 50% meira benzínmagni vegna hverrar einstakrar vélar en að framan segir.

#### 3. gr.

Hver notandi um sig sæki um endurgreiðslu af því benzíni, er hann hefur sjálfur notað. Endurgreiðslubeiðni skal stíluð til fjármálaráðuneytisins og undirrituð af notanda sjálfum og tilgreind staða hans og heimilisfang, götunafn í kaupstöðum. Skal tilgreina í beiðninni, hversu marga lítra af benzíni umsækjandi hefur alls notað á árinu. Skal þar greina hversu mikið magn hefur verið notað á dráttarvélar til búreksturs og hversu mikið magn hefur farið til notkunar á aðrar vélar. Með beiðnunum skulu, eftir því sem við á, fylgja þessi gögn:

1. Ef benzínið er keypt innanlands skal fylgja kvittaður sölureikningur. Sé sölureikningur ekki greiddur, skulu afhendingarnótur fylgja umsókn.
2. Yfirlýsing umsækjanda um, hversu margar klst. á árinu hver benzínknúin dráttarvél muni hafa verið notuð.
3. Ef notandi hefur flutt benzínið inn sjálfur, skal fylgja umsókn vottorð lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem inn er flutt um innflutninginn og greiðslu innflutningsgjalds.
4. Vottorð lögreglustjóra eða hreppstjóra í því umdæmi, þar sem benzínið hefur verið notað, um að umsækjandi eigi gangfæra, benzínknúna dráttarvél, sem hann noti til búrekstrar.

Ef visvitandi rangar skýrslur eru í endurgreiðslubeiðnum eða vottorðum, fer um það eftir 145. gr. hinna almennu hegningarlaga, svo og XXVI. kafla laganna, ef við á.

#### 4. gr.

Endurgreiðslubeiðnir skal senda til sýslumanna, bæjarfógeta eða hreppstjóra, í Reykjavík til lögreglustjóra, sem síðan senda beiðnir áfram til fjármálaráðuneytisins. Fjármálaráðuneytið sendir síðan endurgreiðslurnar til sýslumanna og bæjarfógeta, sem annast útborgun til þeirra, sem í hlut eiga.

Erindi um endurgreiðslur innflutningsgjalds af benzíni fyrir undanfarið ár skulu vera komin til réttis lögreglustjóra fyrir 15. febrúar ár hvert. Öll slík erindi skulu hafa borizt fjármálaráðuneytinu í síðasta lagi 15. marz ár hvert. Erindi, sem berast ráðuneytinu eftir 15. marz, koma til afgreiðslu næsta ár á eftir.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. vegalögum nr. 23 16. apríl 1970 til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 218 15. júlí 1968.

*Fjármálaráðuneytið, 20. janúar 1971.*

**Magnús Jónsson.**

*Jón Sigurðsson.*

Nr. 10.

21. janúar 1971.

## S A M Þ Y K K T

**um breyting á samþykkt nr. 244 24. nóv. 1966, um afgreiðslutíma verzlana á Húsavík.**

#### 1. gr.

5. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Bæjarstjórn getur leyft, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, að söluturnar og sambærilegir sölustaðir séu opnir alla daga frá kl. 8.00 til kl. 22.00 á tímabilinu 15. sept. til 14. maí. Á tímabilinu 15. maí til 14. sept. frá kl. 8.00 til kl. 23.30 sbr. a-lið 4. gr.

Á sölustöðum þessum skal heimilt að selja eftirtaldar vörur: Dagblöð, tímarit, kort, frímerki, tóbaksvörur, eldspýtur, öl og gosdrykki, ís, sælgæti, nýja ávexti, heitar pylsur, niðursuðuvörur, ávaxtasafa, kaffi, te, kakó, innpakkað keX, raksápu, handsápu, tannkrem, tannbursta, greiður, bómull, dömubindi, skyndiplástur, wéppappír, rafhlöður, rafmagnsperur, rafmagnsöryggi, filmur, sólgleraugu, minjægripi, spil, kvensokka og vettlinga.

Heimilt er bæjarráði að bæta við vörutegundum sbr. 2. mgr., enda liggja þá fyrir samþykki heilbrigðisnefndar. Heilbrigðisnefnd ákveður, hvað af ofangreindum vörum megi selja á hverjum stað og ákveður nánar, hvernig haga skuli umbúnaði þeirra.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1963 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, öðlast þegar gildi, með þeim takmörkunum þó, sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 um almannafríð á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1971.*

**Emil Jónsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*